

# Félagsheimilið á Blönduósi

## FUNDUR - 2. október 2006

Stjórnarfundur haldinn í Félagsheimilinu á Blönduósi ehf. þriðjudaginn 2. október 2006 klukkan 17,00.

Mættir eru undirritaðir.

Jón Örn Stefánsson og Valgerður Gísladóttir mættu á fundinn f.h. knattspyrnudeildar Hvatar.

### Dagskrá.

1. Rekstrarform félagsheimilisins.
2. Önnur mál.

### Afgreiðslur.

1. Nína Margrét setti fund og las upp bréf frá knattspyrnudeild Hvatar um aðkomu knattspyrnudeildar að umsjón og rekstri félagsheimilisins. Undanfari þessa máls er ráðning framkvæmdastjóra fyrir knattspyrnudeildina. Þetta var nokkuð rætt við forsvarsmenn knattspyrnudeildar og viku þau Jón Örn og Valgerður síðan af fundi. Stjórnin tekur sér tíma til að skoða málin og útfæra þessa hugmynd nánar.
2. Önnur mál.  
Farið yfir nýjar samþykktir fyrir Félagsheimilið Blönduósi ehf.. Hlutfé fyrir breytingu var kr. 500,000,- en er nú kr. 40,600,000,-. Samþykktir fyrir Félagsheimilið Blönduósi ehf. bornar upp og þær samþykktar samhljóða. Ákveðið að senda hlutfélagaskrá áorðnar breytingar ásamt undirrituðum eyðublöðum sem fela í sér breytingar..

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Nína Margrét Pálmadóttir  
Héðinn Sigurðsson  
Kári Kárason  
Jóna Fanney Friðriksdóttir

Kristín Guðjónsdóttir